

SÍÐ PERLUPRJÓNS JAKKAPEYSA ÚR SILK MOHAIR

Stærðir: (S) M (L) XL

Mál á peysu

Yfirvidd: (119) 124 (130) 135 sm.

Sídd: (100) 102 (104) 106 sm., mælt í miðju að framan.

Ermalengd: 47 sm., eða önnur valin lengd.

Garn

Silk Mohair frá Sandnes Garn.

(60% kid mohair, 15% ull, 25% silki, 50 gr. = u.þ.b. 280 m.).

Garnmagn: (4) 5 (5) 6 dokkur.

Prjónar / fylgihlutir

Hringprjónar og sokkaprjónar nr. 5 og 5½, t.d Zing álprjónar frá Knitpro.

Merkihringir

Prjónfesta

15 L. slétt prjón á prjóna nr. 5½ = 10 sm.

Perluprjón

1. umf.

Prjónið 1 br., *1 sl., 1 br.*, endurtakið frá *til* út umf.

2. umf.

Prjónið sl. yfir sl. og br. yfir br.

3. umf.

Prjónið 1 sl., *1 br., 1 sl.*, endurtakið frá *til* út umf.

4. umf.

Prjónið sl. yfir sl. og br. yfir br.

Endurtakið þessar 4. umf.

Perluprjón í hring

1. umf.

Prjónið *1 sl., 1 br.*, endurtakið frá *til* út umf.

2. umf.

Prjónið sl. yfir sl. og br. yfir br.



3. umf.

Prjónið *1 br., 1 sl.*, endurtakið frá *til* út umf.

4. umf.

Prjónið sl. yfir sl. og br. yfir br. Endurtakið þessar 4. umf.

Fram- og bakstykki

Fitjið upp (179) 187 (195) 203 L. á hringprj. nr. 5½. Prjónið **perluprjón** fram og til baka þar til stykkið mælist (80) 82 (83) 85 sm.

Látið merki í hvora hlið með (46) 48 (50) 52 L. í hvort framstykki, (87) 91 (95) 99 L. í bakstykki.

Fellið af 4 L. í hvorri hlið fyrir handveg = 2 L. beggja megin við merki.

Geymið og prjónið ermar.

Ermar

Fitjið upp (28) 30 (32) 34 L. á sokkaprj. nr. 5½, prjónið **perluprjón** í hring þar til stykkið mælist 5 sm.

Látið merki þar sem umf. byrjar.

Aukið út um 1 L. beggja megin við merki með 4½ sm. millibili, þar til komnar eru alls (46) 48 (50) 52 L.

Prjónið þar til stykkið mælist 47 sm., eða önnur valin lengd, endið á sömu umf. eins og á fram- og bakstykki.

Fellið af 4 L. undir miðri ermi. Geymið og prjónið aðra ermi eins.

Laskaúrtaka

Látið ermar inn á hringprjón nr. 5½ = (255) 267 (279) 291 L.

Látið merki í kringum 2 L. í hver samskeyti = merkil. sem er prjónuð br. á réttu og sl. á röngu.

Prjónið fram og til baka í **perluprjóni** og takið úr fyrir laska þannig:

1. umf.

Prjónið þar til 2 L. eru að merki., takið 1 L. sl. óprj. fram af, 1 sl., dragið óprj. L. yfir, 2 br., 2 sl. saman. Takið úr á sama hátt við hvert merki = 8 L. teknar úr.

2. umf.

Fellið aðeins af yfir fram- og bakstykkis L. þannig:

Prjónið þar til 2 L. eru að merki.,

2 br. saman, 2 sl., prjónið að merki., 2 sl., 2 br. saman, prjónið þar til 2 L. eru að merki., 2 br. saman, 2 sl., prjónið að merki., 2 sl., 2 br. saman, prjónið út umf. = 4 L. teknar úr.

3. og 4. umf., perluprjón án úrtöku.

Endurtakið **1.- 4. umf.** alls 3 sinnum.

Endurtakið **1.- 2. umf.** alls (11) 12 (13) 14 sinnum, jafnframt þegar eftir eru 2 úrtökur, eru felldar af 10 L. við boðunga fyrir hálsmál, og síðan er tekið úr í annarri hverri umf. við hálsmál 2,1 L.

Látið L. á prjónanælu.

Vasar

Fitjið upp 25 L. á prjóna nr. 5, og prjónið 5 umf. slétt prjón fram og til baka (1. umf. ranga) = kantur efst.

Skiptið yfir á prjóna nr. 5½, og prjónið perluprjón innan við 1 kantl í hvorri hlið þar til stykkið mælist 16 sm.

Fellið af með sl. og br. L. Prjónið annan vasa eins.

FRÁGANGUR

Hálslíning

Prjónið upp 15 L. meðfram háls máli, takið með L. frá prjónanælu, prjónið upp 15 L. á hinni hliðinni á prjóna nr. 5. Prjónið 5 umf. slétt prjón fram og til baka. Fellið af.

Brjótið hálslíninguna tvöfalda inn á röngu og saumið niður með lausum sporum. Saumið saman undir ermum.

Vasar

Brjótið kantinn tvöfaldan inn á röngu og saumið niður með lausum sporum.

Saumið einn vasa á hvort framstykki, sjá mynd.

Þú finnur myndirnar til að skoða betur á www.sandnesgarn.no í hefti 1412 uppskrift nr. 5.

Skoðaðu fleiri stakar uppskriftir og flettu prjónablöðunum hjá okkur á www.tinna.is

Þar getur þú einnig verslað blöðin og garnið á vefverslun okkar.

TINNA

STAKAR UPPSKRIFTIR

SÍÐ PERLUPRJÓNS JAKKAPEYSA ÚR SILK MOHAIR



TINNA

NÝBÝLAVEGI 30 • 201 KÓPAVOGI • PÓSTHÓLF 576 • SÍMI: 565-4610 • TINNA@TINNA.IS • WWW.TINNA.IS

FYLGIST MEÐ OKKUR Á FACEBOOK: TINNA EHF. UPPSKRIFTIR ERU UNNAR Í SAMVINNU VIÐ SANDNES GARN. ÖLL LIÓSRITUN OG ÖNNUR DREIFING Á ÞESSU EFNI ER BÖNNUÐ ÁN LEYFIST ÚTGEFANDA. BROT VARÐA VIÐ HÖFUNDALÖG.